

**Ed.**

**90. Breytingartillögur**

**[32. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

- Framan við 1. gr. komi nýir liðir:
- a. A. 14 í 1. gr. laganna orðist svo:  
*Biskupstungnabraut*: Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu, Geysi, um Brú og Kjóstaði að Gullfossi.
  - b. Á eftir A. 15 í sömu lagagr. komi nýr liður:  
*Reykjavegur*: Af Tjarnarvegi um Syðri-Reyki, Efri-Reyki á Laugar-dalsveg.
  - c. Á eftir A. 18 í sömu lagagr. komi nýr liður:  
*Sólheimavegur*: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði á Biskupstungnabraut.
  - d. Á eftir A. 24 í sömu lagagr. komi tveir nýir liðir:
    1. *Flúðavegur*: Af Skeiða- og Hreppavegi hjá Flúðum, um væntanlega brú á Litlu-Laxá, vestan Högnastaða, Bryðjuholts, á Skeiða- og Hreppaveg vestan Kirkjuskarðs.
    2. *Unnarholtsvegur*: Af Auðsholtsvegi vestan Unnarholts, vestan Langholtsfjalls á Hreppaveg hjá Hryggjarholti.
  - e. Á eftir A. 26 í sömu lagagr. komi nýr liður:  
*Skarðsvegur*: Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.